

Reykjavík 22. mars 2018

Fjármálaráðuneytið  
Arnarhvoli  
101 Reykjavík  
Bt: Benedikt Benediktsson

**Efni: Umsögn um drög að skýrslu um endurskoðun skattlagningar ökutækja og eldsneytis.**

N1 hefur borist til umsagnar drög að skýrslu um endurskoðun skattlagningar ökutækja og eldsneytis.

N1 þakkar fyrir að fá tækifæri til að skoða skýrluna og vill koma á framfæri eftirfarandi ábendingum, en það er ákvörðun stjórnvalda hverju sinni að ákveða skattlagninguna sem slíka.

Á bls. 4 koma fram nokkrir liðir varðandi hlutverk starfshópsins og þar segir í lið 3, að stuðla skuli að orkusparnaði og aukinn notkun innlendra orkugjafa. Mikilvægt er að fram komi, að sú orka sem notuð er verði að uppfylla alla þá staðla sem stjórnvöld hafa samþykkt að fylgja og allar gæðakröfur verði uppfylltar, þetta á bæði við um erlenda og innlenda orkugjafa. Þetta er grundvallaratriði í allri umfjöllun um málið.

Á bls. 7 kemur fram í 3. lið, að skattstofnar ökutækja og eldsneytis verði breikkaðir og skilvirkni skattlagninár aukin. Ekki er skýrt i skýrlunni við hvað er átt þegar rætt er um „breikkun“ skattstofna og þarf að skýra það út nánar.

Á bls. 9 kemur fram, í lið 2, að kveðið verði á um grunnskattlagningu gas-, - dísil- og steinolíu, bensíns og annars jarðefnaeldsneytis í sérstökum lögum um eldsneytisskatt. Ekki er ljóst við hvað er átt.

N1 væntir þess, að umræða um þessi mál verði opin og markmið skýr og rúmur tími muni verða veittur til að að veita umsagnir á síðari stigum málsins.

Fyrir hönd N1

  
Magnús Ásgeirsson